

# KIRKJUGARÐARÁÐ

## 61. fundur haldinn 14. apríl 2008 í fundarsal Biskupsstofu.

**Mætt voru:** Ragnhildur Benediktsdóttir skrifstofustjóri og formaður ráðsins, Þórsteinn Ragnarsson forstjóri KGRP, fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Smári Sigurðsson fulltrúi Kirkjubings, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kristín Huld Sigurðardóttir fulltrúi Fornleifaverndar ríkisins sem ritaði fundargerð. Einnig sat fundinn Sigurgeir Skúlason verkefnisstjóri Kirkjugarðaráðs.

### 1. Setning fundar

Formaður setti fund kl. 13:30.

### 2. Fundargerð síðasta fundar og staða verkefna

a) Málefni Stórólshvolsprestakalls á Hvolsvelli. Valtýr gerði grein fyrir að hann hefði rætt við forsvarsmann garðsins og bókhaldara. Hann reiknar með því að koma með yfirlit yfir umhirðukostnað garðsins síðustu fjögur ár á næsta fund.

b) Fundargerð samþykkt með smávægilegum lagfæringum.

### 3. Viðmiðunarreglur Kirkjugarðaráðs og Sambands ísl. sveitarfélaga

Þórsteini hafa borist athugasemdir frá Benedikt Ólafssyni formanni Kirkjugarðsstjórnar Kirkjugarða Akureyrar vegna reglnanna og óskaði hann eftir að þær yrðu kynntar á fundi hjá Kirkjugarðaráði. Málið var rætt og ráðið þakkar ábendingarnar.

### 4. Endurskoðun á reglugerð um kirkjugarða nr. 83/1934

Formaður kynnti. Það er ýmislegt í reglugerðinni sem ekki er í núgildandi lögum. Þórsteinn nefndi að í tengslum við endurskoðun laganna hefði nefndin sem vann að endurskoðun þeirra mælt til þess að reglugerðin frá 1934 yrði endurskoðuð og eins samin reglugerð fyrir Kirkjugarðasjóð.

Formanni var falið að hafa samband við dóms- og kirkjumálaráðuneyti og kanna hvort ráðuneytið hafi áhuga á að farið verði í slíka vinnu.

### 5. Fundur í Borgarfirði 9. apríl síðastliðinn.

Þórsteinn kynnti fund sem Kirkjugarðasambandið stóð fyrir í Borgarfirði. Fundurinn var fyrir Borgarfjarðar- og Snæfellsnesprófastsdæmi. Markmiðið með fundinum var að kynna kynna próföstum, prestum, kirkjugarðastjórnnum og starfsfólki kirkna málefni kirkjugarða, reglur, lög o. fl.

Það er yfirlýstur vilji KGSÍ að fækka stjórnnum kirkjugarða og var það kynnt á fundinum. Erindinu er vel tekið og fólk yfirleitt hlynnt sameiningu. Í fyrra var fundur haldinn að Löngumýri fyrir Skagafjarðar- og Eyjafjarðarprófastsdæmi og stendur til að halda slíka fundi í öllum prófastsdæmum.

## 6. Önnur mál

- a) Smári tók upp erindi vegna legstaðaskráningar Seyðisfjarðarkirkjugarðs. Spurning hvort Seyðfirðingar eigi að greiða vinnuna eða Kirkjugarðaráð. Hann nefndi að það þyrfti að ræða þetta við Guðmund Rafn.
- b) Rætt var um hvort kirkjugarðar ættu að greiða fyrir legstaðaskráninguna. Sigurgeir nefndi að það væri hlutverk ráðsins að greiða vinnuna. Smári nefndi að það þyrfti að útbúa vinnureglur um þetta og koma málinu á hreint. Það þarf að skerpa á hvaða vinnu við ætlum að vinna fyrir kirkjugarðana. Sigurgeir var falið að leita upplýsinga hjá Guðmundi Rafni um þetta mál.
- c) Formaður nefndi hvort ekki væri möguleiki á að Gunnar Bollason gæti nýtt sér skráningar og uppmælingar Sigurgeirs. Honum var falið að hafa samband við Gunnar.

Rætt var um frágang fundargerða.

Fundi slitið kl. 16:15.

---

Ragnildur Benediktsdóttir,  
formaður

---

Kristín Huld Sigurðardóttir,  
ritari